



Greinargerð vegna framhaldsumsóknar Verkmenntaskóla Austurlands um grænfána Starfsemi sept. 2018 til sept. 2020



1. Umhverfisnefnd

Umhverfisnefndin fór í gang aftur við upphaf haustannar 2018. Tveir nýir nemendur komu inn í umhverfisnefnd í stað þeirra sem voru áður. Annar kom úr nemendaráði, en nýtt nemendaráð er kosið í upphafi hvers skólaárs, og hinn nemandinn kom inn sem almennur fulltrúi nemenda. Aðrir sem eru í umhverfisnefnd eru einn kennari, húsvörður og einn fulltrúi nærsamfélagsins.

Fundir í umhverfisnefnd eru á ca. tveggja vikna fresti á meðan skólastarf er í gangi. Fundir eru ákveðnar fyrir fram með dagskrá fundar. Á fundum er farið er yfir dagskrá fundar og önnur mál og fundargerð rituð. Í lok fundar er ákveðin tími fyrir næsta fund, verk sem þarf að vinna fram að næsta fundi og dagskrá næsta fundar lögð fram.

Öll mál er varða markmiðin og annað sem viðkemur umhverfisnefndinni er tekið fyrir á fundum. Helstu ákvarðanir eru tengd markmiðum verkefnisins þ.e. að ákveða framkvæmd markmiða og fylgja því eftir hvernig gengur (sjá fylgiskjal 1, fundargerðir).

Það er áskorun í upphafi hvers skólaárs að fá nemendur með í umhverfisnefnd. Farin hefur verið sú leið að fá 2 nemendur úr nemendaráði, sem kosið er í upphafi hvers skólaárs. Þeir nemendur eru einnig að vinna í öðrum félagsmálum skólans, sem tekur tíma. Í upphafi skólaárs 2019 var ákveðið að auglýsa eftir áhugasömum til að starfa í umhverfisnefnd. Var það gert til að fá nemendur sem áhuga hafa á umhverfismálum. Einn nemandi skráði sig það árið. Þetta verður áskorun áfram hvernig á að fá nemendur til að starfa með og verða væntanlega einhverjar mismunandi útfærslur prófaðar áfram til að ná til nemenda.

2. Umhverfismat

Fulltrúar í umhverfisnefnd meta stöðu umhverfismála stöðugt ásamt stjórnendum skólans. Í upphafi tímabils, haustið 2018, voru þemu verkefnisins og næstu skref skoðuð af umhverfisnefnd. Út frá þeirri vinnu var ákveðið að vinna út frá þemum um „orku“ og „lýðheilsu“, auk þess sem „neysla“ fengi áfram töluvert vægi. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og með því að leggja áherslu á lýðheilsu mætti samnýta krafta þessara hópa.

Gátlistar fyrir orku og lýðheilsu sem fylgja verkefninu voru fylltir út af fulltrúum í umhverfisnefnd. Aðstoð var fengin frá fulltrúa „heilsueflandi framhaldsskóla“ við að fylla út lista fyrir lýðheilsu, (sjá fylgiskjal 2, gátlistar). Umhverfisnefndin metur stöðu mála og hvernig markmið ganga.

3. Áætlun um aðgerðir og markmið.

Hugmyndir að markmiðum komu bæði frá nemendum og starfsfólki. Sum þeirra lágu beinast við og voru sett fram strax í upphafi, önnur voru ákveðin eftir að hafa fyllt út gátlistann en einnig komu inn fleiri markmið þegar leið á tímabilið, (sjá fylgiskjal 3, markmiðseyðublað orka, lýðheilsa og neysla).

Markmið 1: Minnka rafmagnsnotkun.


Aðgerðir: Skipt út ljósum og loft lagað í bóknámshúsi. Led ljós sett upp með hreyfiskynjurum á göngum skólans, þannig að slökkt er þegar engin er á göngum. Einnig settir dimmerar í ljós í stofum. Miðar settir upp, eða lagfærðir þar sem þeir voru þegar, fyrir ofan alla slökkvara um að muna að slökkva ljós í stofum og herbergjum. Byrjað á þessu verki haustið 2018 og gert ráð fyrir að það taki veturinn að skipta út ljósum.

Markmið að geta séð út frá aflestri frá RARIK, hvort og þá ca. hver orkusparnaður verður á milli ára.

Niðurstaða: Framkvæmdir við að skipta út ljósum voru samkvæmt áætlun. Verkinu var lokið í lok vorannar 2019. Aflestur af rafmagnstöflu er gerður árlega svo ekki var hægt að sjá mismun á milli mánaða en út frá árlegum aflestri var hægt að sjá meðalnotkun á dag yfir árið.

Rafmagnsnotkun í bóknámshúsi skólans hefur minnkað töluvert á milli árana 2018 og 2019. Einnig lítur út fyrir að rafmagnsnotkun fyrir 2020 minnki enn frekar miðað við árið 2019.

Frá desember 2019 til júní 2020 skráði fulltrúi úr umhverfisnefnd notkun af rafmagnstöflu ca. mánaðarlega. Út frá þeim tölum sést að þegar skólinn var í fullu starfi þ.e. kennsla í fullum gangi innan veggja skólans þá var notkunin ca. 206 kWh á dag. Notkun var ca. 166 kWh á dag þegar skólanum var lokað v. covid, og einungis lítill hluti kennara og annarra starfsmanna var í skólanum og einnig sl. vor þegar kennsla var búinn og einungis aðrir starfsmenn en kennarar voru við vinnu í skólanum var notkun um 166 kWh. Rafmagnsnotkun á sumartíma þegar mjög lítil starfsemi var í gangi, einstaka námskeið, var um 150 kWh á dag. Út frá þessum tölum má áætla að meðaltals kílóvattstundir á dag fyrir árið 2020 verði enn lægri en 2019 (mynd 1 og tafla 1).



Mynd 1. Meðalkílóvattstundir á dag fyrir árin 2015-2019.

Tafla 1. Meðaltals kWh á dag árið 2020. lesið af rafmagnstöflu u.þ.b. mánaðarlega frá des. 2019 - júlí 2020

Meðaltals kWh á dag árið 2020 lesið af rafmagnstöflu des. 2019 - júlí 2020	
Full starfsemi	206
Takmörkuð starfsemi	166
Lítill starfsemi	150

Markmið 2: Efla lýðheilsu með því að gleðja nemendur í aðdraganda prófatíðar. Mandarínur og bananar voru í boði fyrir nemendur og starfsfólk í aðdraganda prófa og í prófatíð, haust 2018. Markmið að efla lýðheilsu með því að bjóða uppá holla bita og gleðja í leiðinni „magnesíum gott fyrir taugar“ . Umhverfisnefndin sá um að setja mandarínur og banana í skálar í nemendarymi og ganga skólans (mynd 2). Niðurstaða: Það var mat nefndarinnar að þetta hafi tekist mjög vel. Nemendur voru glaðir með uppátækið og mikið var borðað af mandarínunum og bönunum á þessu tímabili í skólanum.



Mynd 2. Mandarínur og bananar í boði.

Markmið 3: Setja upp hjólaskýli til að efla lýðheilsu og umhverfisvernd. Hjólaskýli vantar við skólann og er markmiðið að með því að hafa hjólastand með þaki þá geti það verið hvetjandi, þá er hjólið í skjóli og helst þá þurrt ef það rignir. Stuðlar einnig að minni bílanotkun og er heilsueflandi.

Niðurstaða: Hugmyndin var að nemar í trésmíði myndu gera skýlið en ekki náðist að klára þetta markmið. Röskun á skólastarfi v. covid 19, einkum í verklegum áföngum hafði sitt að segja. Áfram unnið að þessu markmiði.

Markmið 4: Fataskiptasláin. Markmið að minnka neyslu og eyðslu nemenda og starfsfólks og á þá sama tíma að stuðla að bættri lýðheilsu.

Í kjölfar fatamarkaðar sem haldinn var af nemendum vorið 2018 kom sú hugmynd að hafa fataskiptaslá sem hægt væri að taka fram öðru hvoru við hin ýmsu tilefni. Þannig væri hægt að koma með föt sem gætu fengið nýtt líf hjá öðrum einstaklingum.

Norræni fataskiptadagurinn var 6. apríl 2019. Í tilefni þess voru haldnir fataskiptadagar. Fataskiptasláin var tekin fram og höfð uppi fram á vor. Þar var hægt að koma með föt og/eða ná sér í föt á fataskiptaslánna sem höfð var á gangi skólans.

„Einnar manneskju rusl er annarrar manneskju gull! eða eitthvað svoleiðis ☺“

Dagur íslenskrar náttúru 16. september 2019. Fataskiptasláin tekin fram og höfð uppi í viku. Tæknidagurinn 5. október 2019. Fataskiptaslá sett upp á tæknidaginn. Sláin var síðan höfð uppi á gangi skólans og er þar enn.

Niðurstaða: fataskiptasláin er að virka vel. Mikil hreyfing er á fötum og má nefna að á tæknidaginn nánast tæmdist allt. Passa þarf samt að fríska uppá úrvalið öðru hvoru

og tæma og setja í rauða krossinn þau föt sem hafa hangið lengi. Í þessu verkefni eru margir sem taka þátt og hafa frumkvæði, bæði nemendur og starfsfólk (mynd 3).

<https://www.austurfrett.is/frettir/vilja-vekja-athygli-a-fatasoun>



Mynd 3. Forsætisráðherra Íslands, Katrín Jakobsdóttir, skoðar fataskiptaslána.

Markmið 5: Menntun til sjálfbærni tengist Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og kemur inn á þemu um orku, lýðheilsu og neyslu. Markmiðið er að nemendur kynna sér heimsmarkmiðin og í framhaldinu að kynna þau fyrir nærsamfélaginu. Lögð var áhersla á þau markmið sem tengjast náttúru, umhverfi og lýðheilsu.

Nemendum í áfanganum „Vísindaleg vinnubrögð og náttúrufræðigreinar“ var skipt í hópa þar sem hver hópur valdi 3 til 4 heimsmarkmið og bjó til kynningu um þau. Kynningarnar voru settar upp á Tæknidegi fjölskyldunnar 5. október 2019. Hópurinn var með bás í íþróttahúsinu og voru kynningar á formi veggspjalda sem hengd voru upp í básnum og hins vegar skjámyndir sem rúlluðu á flettiskjá yfir daginn. Nemendur skiptust á að vera á staðnum yfir daginn og voru þá til staðar til að segja frá vinnu við verkefnið.

Niðurstaða: Verkefnið tókst vel. Nemendur lærðu um heimsmarkmiðin og kynntu þau svo á Tæknidaginn þar sem fólk úr nærsamfélaginu, öllu austurlandi og víðar, kom að í heimsókn. Það sem má bæta í þessu verkefni það er að hafa færri markmið og rýna betur í þau (mynd 4).



Mynd 4. Frá Tæknidegi fjölskyldunnar, október 2019.

Markmið 6: Athuga með í mótuneytinu að hafa eina fisk og kjötlausu máltíð (grænmetismáltíð) í viku til að vekja athygli á kolefnisspori kjötneyslu og til að heilsueflingar. Bréf sent á forsvaraðila mótuneytis og efnið kynnt.

Niðurstaða: Svar sem barst var að það væri hægt að prófa að hafa grænmetismáltíðir öðru hvoru, en ekki í hverri viku. Kom fram að flest hráefni kæmi úr nærumhverfi sem hjálpar til við kolefnisspor m.a. allur fiskur kæmi héðan beint af bryggju og nánast allt kjöt kæmi hér af svæðinu sem og kartöflur. Jákvætt að nýta hráefni úr nærsamfélaginu en mætti hafa meira af grænmetismáltíðum. Það er eitthvað sem þarf að vinna með áfram.

Markmið 7: Að kanna hvað ungt fólk er að hugsa varðandi umhverfismál.

Eftir umræðu í samfélaginu varðandi ungt fólk og umhverfiskvíða kom hugmynd um að kanna hvað ungt fólk þ.e. nemendur í VA og annað ungt fólk í nærsamfélaginu væri að hugsa í þessum efnum. Nemendur í vist- og umhverfisfræði útbjuggu spurningalista þar sem spurt var um umhverfisvænan lífsstíl og umhverfiskvíða. Nemendur lögðu listann fyrir aðra nemendur og annað ungt fólk í samfélaginu. Unnið var úr niðurstöðum þær síðan kynntar á rótarýdegi (sjá nánar neðar).

Aðdragandinn að verkefninu kom í upphafi haustannar en þá kom meðlimur í Rótarýklúbbsi Neskaupstaðar að máli við fulltrúa umhverfisnefndar um hvort VA tæki þátt í Rótarýdeginum sem fyrirhugað var að halda í febrúar 2020, þar sem áherslan átti að vera umhverfismál.

Niðurstaða: Rúmlega helmingur þátttakenda sagðist vera með umhverfiskvíða ýmist alltaf eða stundum. Meirihlutinn af þeim sem haldin er umhverfiskvíða voru stelpur. Nær allir sem spurðir voru um umhverfisvænan lífsstíl gera eitthvað til að vera umhverfisvænni og má segja að allir séu farnir að flokka. Flestir töldu að skólinn væri að standa sig vel í umhverfismálum, nokkrar uppástungur komu fram um hvað mætti bæta, m.a. sú uppástunga að hægt væri að losa nemendur við kennslubækur ☺.

Rótarýdagur 19. febrúar 2020.

Rótarýklúbbur Neskaupstaðar og Verkmenntaskóli Austurlands buðu til kvöldstundar þar sem Umhverfis- og loftslagsmál voru í aðalhlutverki. Fundurinn sem var öllum opin var auglýstur m.a. á samfélagsmiðlum. Einnig kom frétt um fundinn í Austurglugganum <https://www.austurfrett.is/lifid/ert-thu-haldin-umhverfiskvidha>.

Á fundinum sagði Guðmundur Sigfússon forseti RN frá Rótarý og sérstaklega stefnu þeirrar hreyfingar í umhverfismálum, Gerður Guðmundsdóttir kennari VA sagði frá Grænfánanum sem skólinn er búinn að fá, þeirri vinnu sem þurfti til þess að fá hann og hvað þarf til að viðhalda honum, Ingibjörg Þórðardóttir íslenskukennari sýndi fram á hvernig hún fléttar saman íslensku- og sjálfbærnikennslu og í lokin kom útskriftarefni VA, Anna Karen Marinósdóttir og stal senunni með frábærum fyrirlestri um Vegan fæði og almennt um umhverfismál, fyrirlestur sem lét engan ósnortinn.

4. Eftirlit og endurmat:

Á umhverfisnefndarfundum var rætt hvernig vinna að markmiðum gengi, hvort og hvernig markmið næðust. Farið var yfir aðgerðaáætlun hvernig staðan væri, hvort eitthvað vantaði upp á eða þyrfti að breyta og voru viðeigandi ráðstafanir gerðar ef þurfti. Umhverfisnefndin sá um eftirlit og endurmat.

5. Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá:

Fataskiptasláin er unnin með nemendum og öðru starfsfólki skólans. Einstaklingar koma með föt og setja á slánna og taka sér föt af slánni. Mikil hreyfing er á fötum og koma ábendingar frá bæði nemendum og starfsfólki ef það þarf að fríska upp á úrvalið eða ef þarf að tæma það sem hefur hangið lengi. Í þessu verkefni eru margir sem taka þátt og hafa frumkvæði, bæði nemendur og starfsfólk.

<https://www.va.is/is/skolatorg/frettir/norraeni-skiptidagurinn>

Nemendur í áfanganum „Vísindaleg vinnubrögð og náttúrufræðigreinar“ kynntu sér Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, einkum þau markmið sem snúa að náttúru, umhverfi, heilsu og vellíðan. Nemendurnir kynntu síðan afurðir sínar fyrir öðrum í nærsamfélaginu á Tæknidegi fjölskyldunnar 5. október 2019. Lögð var áhersla að margt smátt gerir eitt stórt, engin getur gert allt en allir eitthvað. Við vinnu að verkefninu gátu nemendur nýtt hugmyndaflug sitt og listsköpun einstaklingsins fékk notið sín í því að útbúa kynningarnar hvort sem var að útbúa veggspjald eða skjámyndasýningu.

Nemendur í vist- og umhverfisfræði könnuðu hvað ungt fólk væir að hugsa varðandi umhverfismál. Nemendur útbjuggu spurningalista þar sem spurt var um umhverfisvænan lífsstíl og umhverfiskvíða. Hóparnir ákváðu sjálfir hvernig þeir útfærðu spurningar um þetta málefni. Nemendur fóru um skólann og víðar og fengu aðra nemendur til að taka


þátt með því að svara spurningum þeirra. Niðurstöður voru síðan kynntar á Rótarákvöldi 19. febrúar 2020 og var þar opið hús, allir velkomnir.

Önnur verkefni:

Dagur íslenskrar náttúru: Á degi íslenskrar náttúru 2018 var vakin athygli á hvernig draga megi úr notkun á einnota plasti. Umhverfisnefnd útbjó veggspjald sem sett hengt var upp í skólanum og setti einnig inn á samfélagsmiðla og heimasíðu skólans.

<https://www.va.is/is/skolatorg/frettir/dagur-islenskrar-natturu-3>

Mynd 5. Veggspjald um hvernig megi draga úr notkun á einnota plasti.



Umsókn í Sprotasjóð: Umsókn var send í Sprotasjóð á vorönn 2020 fyrir tímabilið 2020-2021. Sprotasjóður er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og styður við þróun og nýjungar í skólastarfi. Skólinn sótti um í samstarfi við Nesskóla og Náttúrustofu Austurlands fyrir verkefnið Umhverfismál til framtíðar og hlaut styrk upp á 3.140.000.

Verkefnið snýst um að gera umhverfismálum hátt undir höfði með ýmsum viðburðum í gegnum skólaárið 2020-2021. Í gegnum verkefnið verða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna höfð að leiðarljósi. Ætlunin er að verkefnið teygi sig út fyrir stofnanirnar og inn í samfélagið allt með sjálfbærni samfélagsins sem lokatakmark. Undirbúningur verkefnisins fer í fullan gang í byrjun haustannar 2020.

Úrbótaganga: Þann 16. sept. 2019 fóru nemendur í nýsköpunaráfanganum Hugmynd og hönnun í úrbótagöngu. Úrbótagangan er verkefni sem er á vegum Austurbrúar og er hluti af áfangastaðaáætlun Austurlands og snýst um að skoða umhverfi sitt og benda á það sem betur má fara, t.d. á sviði umhverfismála. 14 nemendur ásamt Birgi kennara örkuðu af stað í upphafi fyrsta tíma dagsins og gengu hring í bænum. Allir lögðu eitthvað í púkkið og líklega hafa orðið til á fjórða tug hugmynda að úrbótum fyrir bæinn sem var skilmerkilega skilað inn á vefinn urbotaganga.is. Gangan féll afar vel að markmiðum áfangans sem er að nemendur séu læsir á umhverfi sitt, sjái tækifæri til úrbóta og komi með hugmyndir. Það sem var gott við gönguna var að þarna fengu nemendur raunverulegt verkefni til að leysa. Verkefni sem hefur áhrif á samfélagið.

Lýðheilsa: eins og áður hefur komið fram er VA heilsueflandi framhaldsskóli og er ýmislegt gert til að efla lýðheilsu með ýmsum viðburðum. Má nefna að á hverju ári er

Í upphafi haustannar farið í gönguferð. Haustið 2019 var engin undantekning. Að einni kennslustund lokinni biðu rútur eftir nemendum sem fluttu þá inn til dala. Þá gengu nemendur í tveimur hópum að Hólatjörnum. Tjarnirnar búa yfir afar miklu fuglalífi og gróðri sem myndar krans utan um hverja og eina tjörn. Þar vaxa einnig ýmsar fallegar vatnajurtir. Í ferðinni var því ekki aðeins reynt á líkamann heldur notið hinnar dásamlegu íslensku náttúru í leiðinni. Þegar ferðalangar sneru heim á leið rúmum tveimur tímum síðar voru allir sælir með gönguna.

Reynt er að fara í fjallaferð á hverri vorönn. Farið var í fjallaferð 12. apríl 2019. Í fjallaferðum er áhersla lögð á að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Sumir skíða, aðrir fara á bretti og enn aðrir skella sér á sleða. Einnig er hægt að fara í gönguferðir um svæðið og svo slaka á í notalegum skíðaskálanum og grípa í spil, sjá nánar.

<https://www.va.is/is/skolatorg/frettir/skidaferd-i-va>

Austfirsku ólympíuleikarnir voru endurvaktir 27. sept. 2019. Þar hittast nemendur í Verkmenntaskóla Austurlands (VA), Menntaskólanum á Egilsstöðum (ME) og Fjölbrotaskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) og etja kappi í ýmsum greinum. Nemendur úr ME og VA hittust í Neskaupstað en FAS komst ekki þetta árið. Keppt var í blaki, körfubolta, höfðingjaleik, bandý, pool, FIFA, Partners, skák, Warhammer og Olsen-Olsen. Deginum lauk á fyrstu keppninni í Bar(a)sVAR sem verður haldin einu sinni í mánuði í VA, sjá nánar.

<https://www.va.is/is/skolatorg/frettir/austfirsku-olympiuleikarnir-1>

6. Kynning á stefnunni:

Ungir umhverfissinnar heimsóttu skólann 29. mars og aftur 12. sept. 2019. Í heimsókninni í september var haldið erindi um loftslagsmál og neysluvenjur okkar sem stuðla að frekari losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirlesturinn snéri að því hvað við getum gert til þess að sporna við þessum breytingum og einnig hvernig við getum haft áhrif á nærsamfélag okkar og haft áhrif á þau umhverfismál sem snerta okkur beint.

<https://www.va.is/is/skolatorg/frettir/ungir-umhverfissinnar-i-heimsokn-1>

Á Tæknidegi fjölskyldunnar 5. október 2019 kynntu nemendur í áfanganum „Vísindaleg vinnubrögð og náttúrufræðigreinar“ Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Tæknidagurinn er dagur tileinkaður tækni, vísindum, sköpun og þróun á Austurlandi og miðast dagskráin við alla aldurshópa. Tæknidagurinn hefur verið haldinn á hverju ári frá árinu 2013 og koma fyrirtæki og stofnarnir frá öllu landinu og eru með viðburði þennan dag, sjá nánar.

<https://www.va.is/is/skolatorg/frettir/visindasmidja-heimatilbuin-hafjallahjohlysi-og-keppni-i-raftsudu>

Rótarýklúbbur Neskaupstaðar og Verkmenntaskóli Austurlands buðu til kvöldstundar þar sem Umhverfis- og loftslagsmál voru í aðalhlutverki. Þar var Grænfánavinna VA kynnt og

sýnt fram á hvernig íslensku- og sjálfbærnikennslu er fléttað saman. Fundurinn sem var öllum opin var auglýstur m.a. á samfélagsmiðlum, sjá nánar.

<https://www.austurfrett.is/lifid/ert-thu-haldin-umhverfiskvidha>.

Skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands kynnr Grænfánaverkefnið við hvert tækifæri. Við setningu skólans og á foreldrafundum er verkefnið kynnt. Einnig má nefna að við útskrift nemenda í maí 2020 fór hún m.a. yfir þá vinnu sem unnin hefur verið í verkefninu, sjá nánar.

<https://www.va.is/static/files/Vor2020/brautskraning-2020-raeda-lgj.pdf> bls. 5-6.

7. Umhverfissáttmálinn:

Umhverfissáttmáli VA var unnin af fulltrúa í umhverfisnefnd. Unnið var út frá umhverfisstefnu VA sem var til. Textinn var stytur og aðlagður að áherslum verkefnisins. Tillaga að sáttmála var send á allt starfsfólk VA í byrjun haustanna 2018 til yfirlstrar og var óskað eftir athugasemdum. Útkoman er eftirfarandi umhverfissáttmáli.

„Rekstur VA er og skal vera eins vistvænn og kostur er. Ávallt skal efla skilning nemenda, starfsmanna og annarra sem að skólastarfinu koma á umhverfi sínu ásamt því að auka virðingu fyrir náttúru landsins, auðlindum þess, orkunýtingu og endurvinnslu. Stuðla skal að menntun til sjálfbærni og lýðheilsu með heilbrigði og forvarnir í fyrirrúmi. Lýðræðisleg vinnubrögð skulu ávallt höfð að leiðarljósi í skólastarfi“.

<https://www.va.is/is/skolinn/skolanamskra/aaetlanir-og-stefnur/umhverfisstefna>

Umhverfissáttmálinn var samþykktur á umhverfisnefndarfundum 24.10. 2018 með öllum greiddum atkvæðum.

29. ágúst 2020, f.h. umhverfisnefndar

Gottur Guðmunds.